

**KJARASAMNINGUR**  
**milli**  
**Rafiðnaðarsambands Íslands**  
**og**  
**Samtaka atvinnulífsins**

**1. gr.**

Kjarasamningur þessi er hluti **Stöðugleika- og velferðarkjarasamningsins 2024 – 2028** sem undirritaður hefur verið af Rafiðnaðarsambandi Íslands, VM, Félagi vélstjóra og málmteknimanna, MATVÍS og Grafíu stéttarfélagi, annars vegar og Samtökum atvinnulífsins hins vegar. Sameiginlegur kjarasamningur felur í sér sameiginlega launastefnu samningsaðila, launabreytingar, samningsforsendur og ákvæði um störf launa- og forsendunefndar.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning Samtaka atvinnulífsins og Rafiðnaðarsambands Íslands og þá sérkjarasamninga sem teljast hluti hans:

**2. gr.**

Kjarasamningi þessum fylgja launatöflur vegna árána 2024 – 2027, sem eru hluti samningsins.

**3. gr.**

**Launabreytingar**

Laun taka hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki, nema annað leiði af launatöflum sem fylgja kjarasamningi þessum. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

1. febrúar 2024:	3,25% eða 23.750 kr.
1. janúar 2025:	3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2026:	3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2027:	3,50% eða 23.750 kr.

Kjaratengdir liðir kjarasamninga

Kjaratengdir liðir kjarasamninga hækka sem hér segir, nema um annað hafi verið samið:

1. febrúar 2024:	3,25%
1. janúar 2025:	3,50%
1. janúar 2026:	3,50%
1. janúar 2027	3,50%

KM

SO

#### 4. gr.

##### Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2024 106.000 kr.

Á árinu 2025 110.000 kr.

Á árinu 2026 114.000 kr.

Á árinu 2027 118.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2024 verði orlofsuppbót kr. 58.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025 verði orlofsuppbót kr. 60.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026 verði orlofsuppbót kr. 62.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2027 verði orlofsuppbót kr. 64.000.

#### 5. gr.

Orlof breytist á samningstímabilinu. Grein 4.1. í kjarasamningi verður svohljóðandi:

##### 4.1. Orlof

Um orlof skal fara að lögum nr. 30/1987.

Samkvæmt þeim skal lágmarksorlof vera tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð eða 24 virkir dagar á ári. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllu kaupi, hvort sem er fyrir dagvinnu, yfirvinnu eða öðrum launum.

Gildir frá 1. maí 2024:

Lágmarksorlof starfsfólks með viðurkennda iðnmenntun og tæknifólks sem raðast á hæfniprep 1.2 og ofar eru 25 virkir dagar. Orlofslaun skulu vera 10,64% af öllu kaupi, hvort sem er fyrir dagvinnu, yfirvinnu eða öðrum launum.

Hækkun orlofs tekur gildi 1. maí 2024 þannig að hærri orlofsprósenta er greidd frá þeim tíma. Aukið orlof kemur þannig til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025.

Starfsmaður sem unnið hefur í 5 ár í sömu starfsgrein á rétt á orlofi í 25 virka daga og orlofslaunum sem nema 10,64%.

Starfsmaður sem unnið hefur 5 ár í sama fyrirtæki eða í 10 ár í sömu starfsgrein á rétt á orlofi í 28 virka daga og orlofslaunum sem nema 12,07%.

Gildir frá 1. maí 2025 vegna starfsfólks með viðurkennda iðnmenntun og tæknifólks sem raðast á hæfniprep 1.2. og ofar:

Starfsmaður sem unnið hefur í 3 ár í sama fyrirtæki eða 5 ár í sömu starfsgrein á rétt á orlofi í 28 virka daga og orlofslaunum sem nema 12,07%.

Starfsmaður sem unnið hefur í 5 ár í sama fyrirtæki á rétt orlofi í 30 virka daga og orlofslaunum sem nema 13,04%.

Hækkun orlofs tekur gildi 1. maí 2025 þannig að hærri orlofsprósenta er greidd frá þeim tíma. Aukið orlof kemur þannig til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026.

Starfsmaður sem unnið hefur í 10 ár í sama fyrirtæki á rétt á orlofi í 30 virka daga og orlofslaunum sem nema 13,04%.

Starfsmaður sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt vegna starfs hjá sama vinnuveitanda öðlast hann að nýju hjá nýjum vinnuveitanda eftir þriggja ára starf, enda hafi rétturinn verið sannreindur.

Gildir frá 1. maí 2024:

Starfsmaður sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt vegna starfs hjá sama atvinnurekanda fær hann að nýju hjá nýjum vinnuveitanda eftir tveggja ára starf, enda hafi rétturinn verið sannreyndur.

Námstími iðnnema í fyrirtæki telst til vinnu í starfsgrein eða til vinnu innan sama fyrirtækis.

## 6. gr.

### Yfirvinna

Frá og með 1. febrúar 2024 er virkur vinnutími samkvæmt kjarasamningi þessum 36 klst. að meðaltali á viku og deilitala dagvinnutímakaups 156. Yfirvinna 2 greiðist fyrir virkan vinnutíma umfram 40 klst. á viku að meðaltali á launatímabili / mánuði (173,33 virkar klst. m.v. meðalmánuð).

Þann 1. janúar 2025 verður eftirfarandi breyting á ákvæðum kjarasamninganna um yfirvinna 1 og 2:

Yfirvinna 2 greiðist fyrir virkan vinnutíma umfram 39,5 klst. á viku að meðaltali á launatímabili / mánuði (171,17 virkar klst. m.v. meðalmánuð).

Þann 1. janúar 2027 verður eftirfarandi breyting á ákvæðum kjarasamninganna um yfirvinna 1 og 2.

Yfirvinna 2 greiðist fyrir virkan vinnutíma umfram 39 klst. á viku að meðaltali á launatímabili / mánuði (169 virkar klst. m.v. meðalmánuð).

## 7. gr.

Við 3. mgr. gr. 3.2.1. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Ef atvinnurekandi gerir starfsmanni að mæta fyrst á verkstæði skulu ferðir á verkstað vera í vinnutíma.

## 8. gr.

### Breytingar á 14. kafla um trúnaðarmenn

#### Greinar 14.1., 14.2, og 14.8. taka eftirfarandi breytingum

##### Gr. 14.1. Kosning trúnaðarmanna

Starfsmönnum er heimilt að kjósa einn trúnaðarmann á hverjum vinnustað þar sem starfa 5 til 50 starfsmenn, og tvo trúnaðarmenn séu starfsmenn fleiri en 50. Vinnustaður telst í þessu sambandi sérhvert fyrirtæki þar sem hópur manna vinnur saman. Að kosningu lokinni tilnefnið viðkomandi stéttarfélag trúnaðarmennina. Verði kosningu eigi við komið skulu trúnaðarmenn tilnefndir af viðkomandi stéttarfélagi.

Heimilt er að kjósa þrjá trúnaðarmenn innan fyrirtækis ef fjöldi félagsfólks er meiri en 120 á sömu starfsstöð.

Þar sem starfsstöðvar fyrirtækis eru fleiri en ein, eða starfsfólk mætir almennt til starfa á öðrum vinnustöðum en höfuðstöðvum viðkomandi atvinnurekanda, á að veita trúnaðarmanni svigrúm til að sinna trúnaðarmannastörfum sínum á öllum starfsstöðvum ellegar kjósa fleiri trúnaðarmenn til að sinna þeim störfum.

Trúnaðarmenn verða eigi kosnir eða tilnefndir til lengri tíma en tveggja ára í senn.

blu

se

#### 14.2. Trúnaðarmannanámskeið

Trúnaðarmönnum á vinnustað skal gefinn kostur á að sækja námskeið sem miða að því að gera þá hæfari í starfi. Hver trúnaðarmaður hefur rétt á að sækja eitt eða fleiri námskeið sem skipulögð eru af stéttarfélagunum og ætlað er að gera trúnaðarmönnum betur kleift að takast á við starf sitt, samtals í eina viku á ári. Þeir sem námskeiðin sækja skulu halda dagvinnutekjum og vaktaálagi í allt að eina viku á ári. Í fyrirtækjum þar sem starfa fleiri en 15 starfsmenn skulu trúnaðarmenn halda dagvinnutekjum og vaktaálagi í allt að tvær vikur á fyrsta ári. Þetta gildir um einn trúnaðarmann á ári í hverju fyrirtæki séu starfsmenn 5-50 en tvo trúnaðarmenn séu starfsmenn fleiri en 50.

Ef trúnaðarmannanámskeið er skipulagt þannig að fjarvera trúnaðarmanns frá vinnu er ekki meiri en einn dag viku hverja, halda trúnaðarmenn dagvinnutekjum og vaktaálagi í allt að tíu virka daga á ári.

Sitji trúnaðarmaður heils dags námskeið verður honum ekki gert að sinna vinnu þann dag.

#### Ný gr. 14.3. Störf trúnaðarmanna og aðrar greinar færast neðar

Trúnaðarmönnum á vinnustöðum skal í samráði við verkstjóra heimilt að verja eftir því sem þörf krefur tíma til starfa sem þeim kunna að vera falin af verkafólki á viðkomandi vinnustað og/eða viðkomandi stéttarfélagi vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna og skulu laun þeirra ekki skerðast af þeim sökum.

Ef starf trúnaðarmanns er þess eðlis að honum er ókleift að sinna trúnaðarmannastörfum sínum á reglubundnum vinnutíma, skal að ósk trúnaðarmanns gera samkomulag milli hans og atvinnurekanda um þann lágmarkstíma sem trúnaðarmaður getur haft til umráða til að sinna þessum störfum. Í samkomulagi skal tekið tillit til fjölda starfsmanna sem trúnaðarmaður er fulltrúi fyrir, almenns umfangs trúnaðarstarfa, dreifingar starfsstöðva, vaktaskipulags og annars sem við á.

### 9. gr.

#### **Gildistími og atkvæðagreiðsla**

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 15:00 föstudaginn 22. mars 2024.

#### **Fylgiskjöl**

Í fylgiskjöllum eru kaupbætur á samningstímabilinu og bókanir.

Reykjavík, 9. mars 2024

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

Andri Páll Halldórsson  
Dramatí. og myndmál.  
Georg Páll Skúlason  
Jón Þorgerður  
Björn Páll Halldórsson

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Seiður  
Björn Halldórsson  
Jón Þorgerður  
Ólafur G. Halldórsson  
Lárus Páll Halldórsson  
Anna H. Björnsdóttir  
Jón Páll Halldórsson

## **Bókanir með kjarasamningi dags. 9. mars 2024**

### **Bókun um áhrif tómlætis [2024]**

Ef kjör starfsmanns, heildstætt metið, eru lakari en lágmarkskjör samkvæmt kjarasamningi, skal krafa hans um leiðréttingu, komi hún fram á starfstíma eða innan 6 mánaða frá starfslokum, ekki falla niður fyrir tómlæti en fynast samkvæmt almennum reglum.

### **Bókun um bætt starfsumhverfi og eftirlit í byggingar- og mannvirkjagerð [2024]**

Mikilvægt er að fyrirtæki í byggingar- og mannvirkjagerð starfi eftir settum lögum og reglum til að tryggja samkeppnishæfni þeirra, heilbrigða samkeppni og réttindi launfólks. Til að tryggja bætt starfsumhverfi og eftirlit í byggingar- og mannvirkjagerð munu samningsaðilar ásamt Samtökum iðnaðarins ráðast í greiningu og vinnslu á úrbótatillögum til að bæta umrædda umgjörð í byggingar- og mannvirkjagerð. Leggja samningsaðilar ríka áherslu á aðkomu ríkis, sveitarfélaga og eftirlitsstofnanna þeirra að umræddri vinnu svo að hægt verði að ná fram sameiginlegum markmiðum og hrinda nauðsynlegum aðgerðum í framkvæmd.

Unnið verður að endurskoðun og stefnumörkun þegar kemur að starfsumhverfi greinarinnar og lagðar verða fram tillögur að bættu eftirliti til að tryggja réttindi og skyldur samkvæmt kjarasamningi þessum, lögum og reglum. Samningsaðilar munu í vinnu sinni leggja áherslu á að bæta umgjörð í kringum eftirlit með réttindalausum á markaði, verndun löggildingar, bættu eftirliti með brotum á iðnlöggjöfinni til að fylgja eftir refsheimildum og að bæta eftirlit með kennitölufлакki og svartri atvinnustarfsemi.

### **Bókun um vinnustaðaeftirlit [2024]**

RSÍ og SA eru sammála um að leggja til eftirfarandi breytingu á samkomulagi um vinnustaðaskírteini og framkvæmd eftirlits á vinnustöðum:

Á framkvæmdarsvæðum skal aðalverktaki, eða eftir atvikum stýriverktaki, vera með aðgengilega skrá yfir öll fyrirtæki sem starfandi eru hverju sinni í undirverktöku fyrir bæði aðalverktaka eða undirverktaka í viðkomandi verki. Óski eftirlitsfulltrúi eftir slíkri skrá ber aðalverktaka að afhenda hana á verkstað.

### **Bókun vegna tæknigreinasamnings [2024]**

Viðræður hafa staðið yfir um nokkurt skeið um gerð heildarkjarasamnings milli Samtaka atvinnulífsins og Rafiðnaðarsamband Íslands vegna tæknitengdra starfa. Viðræður eru komnar langt á veg en samningurinn mun gilda um öll sérhæfð tæknitengd störf í fjölmiðlun og annarri miðlun, upplýsingatækni, hugverka-, fjarskipta- og leikjaiðnaði, sviðslistum, kvikmyndum og viðburðahjónustu. Enn fremur um störf iðnmenntaðs starfsfólks og iðnnema sem starfa á vinnustað þar sem stór hluti starfsfólks vinnur störf sem falla undir gildissvið kjarasamningsins enda séu þeir þá ráðnir á kjarasamninginn. Undir samninginn munu falla hvort í senn fastráðið og verkefnaráðið starfsfólk.

Launataxtar munu taka mið af hæfniprepum sem hafa verið unnin í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Samningsaðilar munu halda viðræðum áfram og ljúka vinnunni eigi síðar en fyrir lok apríl 2024. Samhliða viðræðum munu aðilar skoða starfsumhverfi, vinnuvernd og aðbúnað í kvikmyndum til samræmis við áherslur í kvikmyndastefnu Íslands.

KM

NO

## Kjarasamningur SA og RSÍ

### Kauptaxtar á samningstímabilinu

#### Rafiðnaðarmaður að loknu tveggja ára fagnámi og getur unnið sjálfstætt

	1.2.2024	1.1.2025	1.1.2026	1.1.2027
Grunnlaun	477.319	501.808	526.280	550.737

#### Rafiðnaðarmaður með viðurkennd starfsréttindi en uppfyllir ekki skilyrði um sveinspróf skv. íslenskum reglum eða að loknu þriggja ára starfsnámi

	1.2.2024	1.1.2025	1.1.2026	1.1.2027
Byrjunarlaun	508.753	534.855	560.939	587.007
Eftir 1 ár	513.840	540.203	566.547	592.875

#### Rafiðnaðarmaður með sveinspróf

	1.2.2024	1.1.2025	1.1.2026	1.1.2027
Byrjunarlaun	565.282	594.284	623.266	652.230
Eftir 1 ár	570.935	600.227	629.499	658.753
Eftir 3 ár	576.644	606.229	635.793	665.339
Eftir 5 ár	582.410	612.291	642.151	671.992

#### Rafiðnaðarmaður með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistararéttindi eða tvö sveinspróf sem nýtast í starfi

	1.2.2024	1.1.2025	1.1.2026	1.1.2027
Grunnlaun	588.623	618.823	649.001	679.161
Eftir 5 ár frá meistararéttindum	606.458	637.574	668.666	699.739

#### Rafiðnfræðingur

	1.2.2024	1.1.2025	1.1.2026	1.1.2027
Byrjunarlaun	610.222	641.530	672.816	704.083
Eftir 1 ár	616.324	647.945	679.544	711.123
Eftir 3 ár	622.488	654.425	686.340	718.235

AKI

SO

**Iðnnemar****Sex mánaða starfsþjálfunarnemar í rafiðnaði**

	<b>1.2.2024</b>	<b>1.1.2025</b>	<b>1.1.2026</b>	<b>1.1.2027</b>
Fyrstu 3 mánuðina	408.235	425.548	442.861	460.174
Næstu 3 mánuði	421.601	439.481	457.361	475.241

**Níu mánaða starfsþjálfunarnemar í rafiðnaði**

	<b>1.2.2024</b>	<b>1.1.2025</b>	<b>1.1.2026</b>	<b>1.1.2027</b>
Fyrstu 3 mánuðina	395.491	412.264	429.037	445.810
Næstu 3 mánuði	408.235	425.548	442.861	460.174
Eftir 6 mánuði	421.601	439.481	457.361	475.241

**Iðnnemar á námssamningi. Laun fyrir unninn tíma.**

	<b>1.2.2024</b>	<b>1.1.2025</b>	<b>1.1.2026</b>	<b>1.1.2027</b>
2. ár	386.350	402.735	419.120	435.505
3. ár	398.040	414.921	431.802	448.683
4. ár	409.731	427.108	444.485	461.862

**Reiknitala ákvæðisvinnu**

Frá 1.2. 2024 m.t.t. breyttrar deilitölu	842,10
Frá 1.1.2025	892,63
Frá 1.1.2026	946,19
Frá 1.1.2027	1.002,96

## Sérkjarasamningur RSÍ/FTR og SA fyrir tæknifólk í rafiðnaði

### Kauptaxtar á samningstímabilinu

#### Tæknimaður 1.2

	1.2.2024	1.1.2025	1.1.2026	1.1.2027
Grunnlaun	477.319	501.808	526.280	550.737

#### Tæknimaður 2

	1.2.2024	1.1.2025	1.1.2026	1.1.2027
Byrjunarlaun	508.753	534.855	560.939	587.007
Eftir 1 ár	513.840	540.203	566.547	592.875

#### Tæknimaður 3

	1.2.2024	1.1.2025	1.1.2026	1.1.2027
Byrjunarlaun	565.282	594.284	623.266	652.230
Eftir 1 ár	570.935	600.227	629.499	658.753
Eftir 3 ár	576.644	606.229	635.793	665.339
Eftir 5 ár	582.410	612.291	642.151	671.992

ky

RD



# RSÍ - SART

## Almennir taxtar rafiðnaðarmanna 1.2.2024

	Mánaðar laun	Viku laun	Dagvinna	Yfirvinna 1	Yfirvinna 2	Stórh. vinna
Rafiðn.maður að loknu 2ja ára fagnámi	477.319	110.151	3.060	4.773	5.489	6.563
Rafiðn.maður að loknu 3ja ára starfsnámi	508.753	117.405	3.261	5.088	5.851	6.995
Rafiðn.maður að loknu 3ja ára starfsnámi eftir 1 ár	513.840	118.578	3.294	5.138	5.909	7.065
Rafiðnaðarsveinn - grunnlaun	565.282	130.450	3.624	5.653	6.501	7.773
Rafiðnaðarsveinn eftir 1 ár	570.935	131.754	3.660	5.709	6.566	7.850
Rafiðnaðarsveinn eftir 3 ár	576.644	133.072	3.696	5.766	6.631	7.929
Rafiðnaðarsveinn eftir 5 ár	582.410	134.402	3.733	5.824	6.698	8.008
Rafiðnaðarsveinn eftir 5 ár og meistaráréttindi eða tvö sveinspróf sem nýtist í starfi	588.623	135.836	3.773	5.886	6.769	8.094
Rafiðnaðarsveinn eftir 5 ár og meistaráréttindi, eða tvö sveinspróf sem nýtist í starfi, eftir 5 ár frá meistaráréttindum	606.458	139.952	3.888	6.065	6.974	8.339
Rafiðnfræðingur	610.222	140.820	3.912	6.102	7.018	8.391
Rafiðnfræðingur eftir 1 ár	616.324	142.229	3.951	6.163	7.088	8.474
Rafiðnfræðingur eftir 3 ár	622.488	143.651	3.990	6.225	7.159	8.559
13	583.200	134.585	3.738	5.832	6.707	8.019
14	595.162	137.345	3.815	5.952	6.844	8.183
15	607.422	140.174	3.894	6.074	6.985	8.352
16	619.988	143.074	3.974	6.200	7.130	8.525
17	632.871	146.047	4.057	6.329	7.278	8.702
18	646.074	149.094	4.142	6.461	7.430	8.884
19	659.606	152.217	4.228	6.596	7.585	9.070
20	673.479	155.418	4.317	6.735	7.745	9.260
21	687.696	158.699	4.408	6.877	7.909	9.456
22	702.270	162.062	4.502	7.023	8.076	9.656
23	717.209	165.510	4.597	7.172	8.248	9.862
24	732.519	169.043	4.696	7.325	8.424	10.072
25	748.214	172.665	4.796	7.482	8.604	10.288
26	764.619	176.451	4.901	7.646	8.793	10.514
27	781.645	180.380	5.011	7.816	8.989	10.748
28	799.095	184.407	5.122	7.991	9.190	10.988
29	816.980	188.534	5.237	8.170	9.395	11.233
30	835.315	192.765	5.355	8.353	9.606	11.486
31	854.108	197.102	5.475	8.541	9.822	11.744
32	873.369	201.547	5.599	8.734	10.044	12.009
33	893.018	206.081	5.724	8.930	10.270	12.279
34	913.156	210.728	5.854	9.132	10.501	12.556
35	933.748	215.480	5.986	9.337	10.738	12.839
36	954.804	220.339	6.121	9.548	10.980	13.129

Almenn hækkun launa 1.2.2024

% 3,25% að lágmarki 23.750 kr.

Einingaverð í ákvæðisvinnu frá 1.2.2024

kr. 842,10

M.t.t. breyttrar deilittölu

F.h SART



F.h. RSÍ




# RSÍ - SART

## Almennir taxtar rafiðnaðarmanna 1.1.2025

	Mánaðar laun	Viku laun	Dagvinna	Yfirvinna 1	Yfirvinna 2	Stórh. vinna
Rafiðn.maður að loknu 2ja ára fagnámi	501.808	115.802	3.217	5.018	5.771	6.900
Rafiðn.maður að loknu 3ja ára starfsnámi	534.855	123.428	3.429	5.349	6.151	7.354
Rafiðn.maður að loknu 3ja ára starfsnámi eftir 1 ár	540.203	124.662	3.463	5.402	6.212	7.428
Rafiðnaðarsveinn - grunnlaun	594.284	137.142	3.810	5.943	6.834	8.171
Rafiðnaðarsveinn eftir 1 ár	600.227	138.514	3.848	6.002	6.903	8.253
Rafiðnaðarsveinn eftir 3 ár	606.229	139.899	3.886	6.062	6.972	8.336
Rafiðnaðarsveinn eftir 5 ár	612.291	141.298	3.925	6.123	7.041	8.419
Rafiðnaðarsveinn eftir 5 ár og meistaráréttindi	618.823	142.805	3.967	6.188	7.116	8.509
eða tvö sveinspróf sem nýtist í starfi						
Rafiðnaðarsveinn eftir 5 ár og meistaráréttindi, eða tvö sveinspróf sem nýtist í starfi, eftir 5 ár frá meistararéttindum	637.574	147.132	4.087	6.376	7.332	8.767
Rafiðnfræðingur	641.530	148.045	4.112	6.415	7.378	8.821
Rafiðnfræðingur eftir 1 ár	647.945	149.526	4.153	6.479	7.451	8.909
Rafiðnfræðingur eftir 3 ár	654.425	151.021	4.195	6.544	7.526	8.998
14	618.912	142.826	3.967	6.189	7.117	8.510
15	631.172	145.655	4.046	6.312	7.258	8.679
16	643.738	148.555	4.127	6.437	7.403	8.851
17	656.621	151.528	4.209	6.566	7.551	9.029
18	669.824	154.575	4.294	6.698	7.703	9.210
19	683.356	157.698	4.380	6.834	7.859	9.396
20	697.229	160.899	4.469	6.972	8.018	9.587
21	711.765	164.253	4.563	7.118	8.185	9.787
22	726.849	167.734	4.659	7.268	8.359	9.994
23	742.311	171.303	4.758	7.423	8.537	10.207
24	758.157	174.959	4.860	7.582	8.719	10.425
25	774.401	178.708	4.964	7.744	8.906	10.648
26	791.381	182.626	5.073	7.914	9.101	10.881
27	809.003	186.693	5.186	8.090	9.304	11.124
28	827.063	190.861	5.302	8.271	9.511	11.372
29	845.574	195.132	5.420	8.456	9.724	11.627
30	864.551	199.512	5.542	8.646	9.942	11.888
31	884.002	204.000	5.667	8.840	10.166	12.155
32	903.937	208.601	5.794	9.039	10.395	12.429
33	924.274	213.294	5.925	9.243	10.629	12.709
34	945.116	218.104	6.058	9.451	10.869	12.995
35	966.429	223.022	6.195	9.664	11.114	13.288
36	988.222	228.051	6.335	9.882	11.365	13.588


Almenn hækkun launa 1.1.2025  
Einingaverð í ákvæðisvinnu frá 1.1.2025

% 3,50% að lágmarki 23.750 kr.  
kr. 892,63

F.h SART



F.h. RSÍ



# RSÍ - SART

## Almennir taxtar rafiðnaðarmanna 1.1.2026

	Mánaðar					
	laun	Viku laun	Dagvinna	Yfirvinna 1	Yfirvinna 2	Stórh. vinna
Rafiðn.maður að loknu 2ja ára fagnámi	526.280	121.449	3.374	5.263	6.052	7.236
Rafiðn.maður að loknu 3ja ára starfsnámi	560.939	129.447	3.596	5.609	6.451	7.713
Rafiðn.maður að loknu 3ja ára starfsnámi eftir 1 ár	566.547	130.742	3.632	5.665	6.515	7.790
Rafiðnaðarsveinn - grunnlaun	623.266	143.831	3.995	6.233	7.168	8.570
Rafiðnaðarsveinn eftir 1 ár	629.499	145.269	4.035	6.295	7.239	8.656
Rafiðnaðarsveinn eftir 3 ár	635.793	146.721	4.076	6.358	7.312	8.742
Rafiðnaðarsveinn eftir 5 ár	642.151	148.189	4.116	6.422	7.385	8.830
Rafiðnaðarsveinn eftir 5 ár og meistaráréttindi	649.001	149.769	4.160	6.490	7.464	8.924
eða tvö sveinspróf sem nýtist í starfi						
Rafiðnaðarsveinn eftir 5 ár og meistaráréttindi, eða tvö sveinspróf sem nýtist í starfi, eftir 5 ár frá meistaráréttindum	668.666	154.308	4.286	6.687	7.690	9.194
Rafiðnfræðingur	672.816	155.265	4.313	6.728	7.737	9.251
Rafiðnfræðingur eftir 1 ár	679.544	156.818	4.356	6.795	7.815	9.344
Rafiðnfræðingur eftir 3 ár	686.340	158.386	4.400	6.863	7.893	9.437
14	642.662	148.307	4.120	6.427	7.391	8.837
15	654.922	151.136	4.198	6.549	7.532	9.005
16	667.488	154.036	4.279	6.675	7.676	9.178
17	680.371	157.009	4.361	6.804	7.824	9.355
18	693.574	160.056	4.446	6.936	7.976	9.537
19	707.273	163.217	4.534	7.073	8.134	9.725
20	721.632	166.530	4.626	7.216	8.299	9.922
21	736.677	170.002	4.722	7.367	8.472	10.129
22	752.289	173.605	4.822	7.523	8.651	10.344
23	768.292	177.298	4.925	7.683	8.835	10.564
24	784.692	181.083	5.030	7.847	9.024	10.790
25	801.505	184.963	5.138	8.015	9.217	11.021
26	819.079	189.018	5.251	8.191	9.419	11.262
27	837.318	193.227	5.367	8.373	9.629	11.513
28	856.010	197.541	5.487	8.560	9.844	11.770
29	875.169	201.962	5.610	8.752	10.064	12.034
30	894.810	206.495	5.736	8.948	10.290	12.304
31	914.942	211.140	5.865	9.149	10.522	12.580
32	935.575	215.902	5.997	9.356	10.759	12.864
33	956.624	220.759	6.132	9.566	11.001	13.154
34	978.195	225.737	6.270	9.782	11.249	13.450
35	1.000.254	230.828	6.412	10.003	11.503	13.753
36	1.022.810	236.033	6.556	10.228	11.762	14.064


Almenn hækkun launa 1.1.2026  
Einingaverð í ákvæðisvinnu frá 1.1.2026

% 3,50% að lágmarki 23.750 kr.  
kr. 946,19

F.h SART



F.h. RSÍ



# RSÍ - SART

## Almennir taxtar rafiðnaðarmanna 1.1.2027

	Mánaðar laun	Viku laun	Dagvinna	Yfirvinna 1	Yfirvinna 2	Stórh. vinna
Rafiðn.maður að loknu 2ja ára fagnámi	<b>550.737</b>	127.093	3.530	5.507	6.333	7.573
Rafiðn.maður að loknu 3ja ára starfsnámi	<b>587.007</b>	135.463	3.763	5.870	6.751	8.071
Rafiðn.maður að loknu 3ja ára starfsnámi eftir 1 ár	<b>592.875</b>	136.817	3.800	5.929	6.818	8.152
Rafiðnaðarsveinn - grunnlaun	<b>652.230</b>	150.515	4.181	6.522	7.501	8.968
Rafiðnaðarsveinn eftir 1 ár	<b>658.753</b>	152.020	4.223	6.588	7.576	9.058
Rafiðnaðarsveinn eftir 3 ár	<b>665.339</b>	153.540	4.265	6.653	7.651	9.148
Rafiðnaðarsveinn eftir 5 ár	<b>671.992</b>	155.075	4.308	6.720	7.728	9.240
Rafiðnaðarsveinn eftir 5 ár og meistararéttindi eða tvö sveinspróf sem nýtist í starfi	<b>679.161</b>	156.729	4.354	6.792	7.810	9.338
Rafiðnaðarsveinn eftir 5 ár og meistararéttindi, eða tvö sveinspróf sem nýtist í starfi, eftir 5 ár frá meistararéttindum	<b>699.739</b>	161.478	4.486	6.997	8.047	9.621
Rafiðnfræðingur	<b>704.083</b>	162.481	4.513	7.041	8.097	9.681
Rafiðnfræðingur eftir 1 ár	<b>711.123</b>	164.105	4.558	7.111	8.178	9.778
Rafiðnfræðingur eftir 3 ár	<b>718.235</b>	165.747	4.604	7.182	8.260	9.876
15	678.672	156.617	4.350	6.787	7.805	9.332
16	691.238	159.516	4.431	6.912	7.949	9.505
17	704.184	162.504	4.514	7.042	8.098	9.683
18	717.849	165.657	4.602	7.178	8.255	9.870
19	732.026	168.930	4.692	7.320	8.418	10.065
20	746.889	172.359	4.788	7.469	8.589	10.270
21	762.461	175.953	4.888	7.625	8.768	10.484
22	778.619	179.681	4.991	7.786	8.954	10.706
23	795.182	183.504	5.097	7.952	9.145	10.934
24	812.156	187.421	5.206	8.122	9.340	11.167
25	829.558	191.436	5.318	8.296	9.540	11.406
26	847.747	195.634	5.434	8.477	9.749	11.657
27	866.624	199.990	5.555	8.666	9.966	11.916
28	885.970	204.455	5.679	8.860	10.189	12.182
29	905.800	209.031	5.806	9.058	10.417	12.455
30	926.128	213.722	5.937	9.261	10.650	12.734
31	946.965	218.530	6.070	9.470	10.890	13.021
32	968.320	223.458	6.207	9.683	11.136	13.314
33	990.106	228.486	6.347	9.901	11.386	13.614
34	1.012.432	233.638	6.490	10.124	11.643	13.921
35	1.035.263	238.907	6.636	10.353	11.906	14.235
36	1.058.608	244.294	6.786	10.586	12.174	14.556

Almenn hækkun launa 1.1.2027  
Einingaverð í ákvæðisvinnu frá 1.1.2027

% **3,50%** að lágmarki **23.750 kr.**  
kr. **1002,96**

F.h SART



F.h. RSÍ

